

## **Fáliðunarstefna Skerjagarðs**

Viðmið vegna lágmarksmönnunar leikskólans Skerjagarðs.

Markmið með viðmiðunum er að tryggja og námsaðstæður nemenda, starfsumhverfi og öryggi barnana sé tryggt. Ef upp koma aðstæður á Skerjagarði að fjarvera starfsmanna og mannekla sé það mikil að stjórnendur telja öryggi nemenda ekki tryggt og ábyrgð starfsmanna sé of mikil þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða:

Fáliðun telst vera þegar of fátt starfsfólk er í vinnu miða við fjölda barna. Unnið er því eftir neðangreindri viðbragðsáætlun hér fyrir neðan.

### **Ástæður:**

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið, til dæmis vegna:

- Veikinda starfsmanna eða fjölskyldumeðlima.
- Önnur tilfallandi forföll starfsmanna, mannekla.

### **Aðgerðaráætlun stjórnenda.**

- Farið yfir viðveruskráningar.
- Nemendur og starfsfólk færð á milli deilda Bakka og Bólar til að jafna barngildi og tryggja þannig öryggi nemenda.
- Starfsfólk kallað í vinnu utan vinnutíma, beðið um að koma fyrr eða vinna lengur.
- Reynt að fá afleysingu í hús.
- Styttu viðveru barnanna
- Leikskólakennarar og aðrir sem eiga lögbundinn rétt á undirbúningstíma beðnir um að vinna undirbúningstíma utan vinnutíma og fá hann greiddan í yfirvinnu. Eða á öðrum vinnutíma þegar vel er mannað.

Síðasta aðgerð fáliðunarstefnu er að senda nemendur heim.

### **Viðmið þegar nemendur eru sendir heim**

Senda verður ákveðinn fjölda nemenda heim úr skólanum og miðast fjöldinn við þau barngildi sem Skerjagarður ákvarðar á hvern starfsmann. Hver starfsmaður ber ábyrgð á ákveðnum fjölda nemenda. Fjöldi nemenda sem sendur er heim ræðst af fjölda þeirra starfsmanna sem eru fjarverandi .

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Leikskólastjóri eða staðgengil sjá um að hafa samband.

Reynt er að haga málum þannig að systkini fari heima sama daginn..

Foreldrar greiða ekki náms- og fæðisgjald fyrir þann tíma sem þjónusta fellur niður

- 1 árs – 4 nemendur.
- 2 ára – 5 nemendur.
- 3 ára – 6 nemendur.
- 4 ára – 8 nemendur.
- 5 ára – 10 nemendur.



Sóldís Harðardóttir leikskólastjóri

